



# Ping Neytendasamtakanna 2008



Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, sagði í ræðu sinni að stjórnvöld hefðu á undanförmum árum lagt sig í líma við að greiða götu fyrirtækja og fjármagnseigenda, ekki sist með skattalækkunum og öðrum tilslökunum. Nú bæri þeim að leggja áherslu á að tryggja hagheimilanna.

heimilanna væri betur borgjð innan eða utan Evrópusambandsins.

Puríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, kynnti niðurstöður úr skýrslu um tryggingamarkaðinn sem Liselotte Widing hefur unnið. Skýrslan í heild sinni verður kynnt síðar.

Jón Sigurðsson, rekstrarhagfræðingur og fyrrverandi ráðherra, og Ragnar Árnason, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands, tókust á um það hvort hagsmunum

Eiríkur Jónsson og Ása Ólafsdóttir frá Lagadeild háskóla Íslands sögðu frá skýrslu sem þau unnu um stöðu neytendamála.

Ping Neytendasamtakanna var haldið föstudaginn 19. og laugardaginn 20. september síðastliðinn. Á föstudeginum var þátttaka öllum opin og var fundarsalurinn þétt setinn. Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, ávarpaði þingið og sagði m.a. frá því að með uppstokkun ráðuneyta hefði gefist tækifæri til að gera neytendamálum hærra undir höfði. Markmiðið væri að byggja upp neytendamálaráðuneyti líkt og gert hefur verið víða á Norðurlöndunum. Ráðherra sagði einnig frá úttekt á stöðu neytendamála sem ráðuneytið fól Félagsvísindastofnun, Hagfræðistofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands að vinna. Þá sagði ráðherra frá fundaherferð sinni um landið þar sem neytendamálin eru rædd fram og til baka.



Eiríkur Jónsson kynmir skýrslu Lagadeildar.

Á laugardegnum fór fram hefðbundið nefndastarf. Á þinginu var samþykkt ítarleg ályktun um stefnu og áherslur samtakanna næstu tvö árin. Hér verður tæpt á nokkrum atriðum úr þessari samþykkt en þeir sem vilja kynna sér hana betur geta skoðað hana í heild sinni á heimasíðu samtakanna, [www.ns.is](http://www.ns.is).

#### Helstu áhersluatriði

Í ályktuninni kemur fram að óstöðugleiki í efnahagsmálum sé helsta vandamál almennings. Því þurfi að koma böndum á verðbólguna og gengi krónunnar enda tapar launafólk hratt kaupmætti sínum í þeirri miklu verðbólgu sem hér ríkir. Fákeppni á íslenskum markaði er áhyggjuefni og minnt er á að virk samkeppni er það eina sem tryggir hagsmuni neytenda. Einnig var þess krafist að matvöruverð lækki og á það ekki síst við um landbúnaðarvörur. Þá hafa iðgjöld trygginga hækkad langt umfram almennar verðhækkningar og mun meira en sem nemur tjónakostnaði tryggingafélaganna.

Þingið lagði áherslu á að Íbúðalánasjóður haldi áfram að lána til almennings vegna íbúðarkaupa. Þetta sé mikilvægt með tilliti til samkeppni á þessum markaði. Einnig að stimpilgjöld verði með öllu felld niður. Í ályktun um lyfjamarkaðinn var bent á að lyfjaverð sé alltof hátt, fákeppni sé allt of

mikil á þessum markaði og að auka þurfi framboð samheitalyfja hér á landi. Þingið taldi eðlilegt að virðisaukaskattur á lyfjum verði felldur niður og að auka þurfi frelsi í sölu lausasölulyfja. Einnig að netverslun frá öðrum löndum verði ódýrari en nú er til að veita innlendum fyrirtækjum aukið aðhald.

#### Neytendalöggjöf

Þingið samþykkti að auka þyrfti og bæta neytendalöggjöf. Þar voru sérstaklega nefndar breytingar á uppbyggingu neytendastarfs stjórnvalda og að embætti talsmanns neytenda og Neytendastofa yrðu sameinuð í eina stofnun. Einnig að sett yrðu lög um ábyrgðarmenn, greiðslukort og hóp málsókn, að lögfest yrði bann við seðilgjöldum og loks að breytingar yrðu gerðar á lögum um þjónustukaup. Áhersla var lögð á að neytendur hafi aðgang að ódýrum og fljótvirkum úrlausnarleiðum í ágreiningsmálum við seljendur og minnt á að leiðbeininga- og kvörtunarþjónusta Neytendasamtakanna, Evrópska neytenda-aðstoðin og úrskurðarnefndir gegni þar lykilaatriði.

#### Neytendafraeðsla – upplýsingar til neytenda

Þingið lagði áherslu á mikilvægi neytendafraeðslu, bæði í skólakerfinu og í full-orðinsfraeðslu. Þannig er afar mikilvægt að

efla neytendavitund, þekkingu á fjármálum og fjármálalæsi. Lögð var áhersla á að upplýsingar til neytenda um verð liggi ávallt fyrir við kaup á vörum og þjónustu. Sumir markaðir, sérstaklega fjármálamarkaðurinn, tryggingamarkaðurinn og fjarskiptamarkaðurinn, séu það erfiðir fyrir neytendur að koma þurfi upp reiknivélum á netinu til að auðvelda neytendum verðsamanburð. Minnt var á að markaðssetning sem beinist að börnum og unglíngum verði æ áleitnari. Þingið fagnaði framtaki talsmanns neytenda og umboðsmanns barna við að takmarka slíka markaðssókn.

#### Önnur atriði í ályktuninni

Loks má nefna eftirfarandi atriði sem voru í ályktuninni: Opinber þjónusta á að vera ódýr og góð, góðar og hollar matvörur, erfðabrettar afurðir og merkingar, höfundarréttur og einkaleyfi, breytt forgangsöröðun í vegamálum – ný umferðarmannvirki á fjölförnum vegina, samgöngur fyrir alla, við þurfum neyslustaðal, umhverfi og neytendur, siðræn neysla og staðlastarf og mikilvægi þess fyrir neytendur.

